

L Ö G

91

25. sept.

um raforkusjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að gerðar verði rafveitur og reist verði raforkuver og raforkustöðvar í sveitum, kaupúnum og hinum smærri kaupstöðum.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram til raforkusjóðs af tekjuafgangi áráanna 1941 og 1942 10 millj. kr. og 500 þús. krónur á ári eftir 1942. Nú nema $\frac{2}{5}$ hlutar tekjuafgangs áráanna 1941 og 1942 ekki hinna tilteknu upphæð, og skal það, sem á vantar, þá lagt fram úr framkvæmdasjóði ríkisins.

Fé raforkusjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.

3. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

4. gr.

Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

92

25. sept.

um sölu þjóðjarðanna Ólafsvíkur og Ytri-Bugs.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsvíkurhreppi þjóðjarðirnar Ólafsvík í Ólafsvíkurhreppi og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.

92 Lönd þau, er Ólafsvíkurhreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að
25. sept. selja, en heimilt er honum að leigja þau, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er sam-
þykkt sé af ríkisstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

93

25. sept.

L Ö G

um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkið lætur reisa nýjar síldarverksmiðjur á þessum stöðum:

1. Á Siglufirði	10	þúsund mála verksmiðju.
2. – Sauðárkróki	5	— — —
3. – Raufarhöfn	5	— — —
4. – Húsavík	9	— — —
5. – Skagaströnd	5	— — —
6. – Hólmavík	5	— — —

Enn fremur lætur ríkið reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rannsóknir
sýna, að það sé tímabært.

2. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkv. 1. gr., sem hefjist svo fljótt sem ástæður leyfa,
heimilast ríkisstjórninni að taka lán innan lands fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt
að 10 milljónir króna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur verksmiðja þeirra, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti
eftir lögum nr. 1 1. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.